

Ég heiti kristján Þórðarson fæddur 1963 og bý á ölkeldu í gömlu góðu Staðarsveitinni í Snæfellsbæ og hef alið þar allt mitt líf og stundað kúabúskap.Ég er giftur Astrid Gundersen frá Noregi og eigum við 3 uppkomnar dætur og 4 barnabörn

Ef ég á að tína eitthvað til um sjálfan mig og mitt lífshlaup þá hef ég í gegnum tíðina ,meðframt búskapnum,verið í allskyns félagsstörfum eins og títt er um félagslynda bændur, var formaður ungmennafélags Staðarsveitar i fjölda ára sat i bæjarstjórn Snæfellsbæjari í 16 ár samfleytt frá 2002 til 2018 og formaður sóknarnefndar Staðastaðasóknar frá 1996. Það embætti erfði ég frá karli föður mínum heitnum Þórði Gíslasyni sem hafði verið sóknarnefndar formaður óralengi þar á undann. Auk þess hef ég reynt að gegna skyldum mínum í félagsmálum bænda eins og ég hef getað. Þannig að ég þekki ansi vel til allskyns fundarhalda og hvernig ber að haga sér i trúnaðarstörfum fyrir sitt samfélag hverju sinni.

Af hverju er ég hér i kjöri til kirkjuþings? Ég hafði sem sé látið mér detta í hug að sækjast eftir kjöri á Kirkjuþingið en nokkrum dögum áður en frestur til að bjóða sig fram rann út hafði ég ákveðið að gera það ekki fannst ég ekki vera tilbúinn í það og alls ekki að fara i einhvern kosningaáróður fyrir sjálfan mig.

Svo kom í ljós að hún Áslaug frá Stykkishólmi hafði ein boðið sig fram og fagna ég því og lýsi yfir fullum stuðningi við hennar framboð. Áslaug mun verða öflugur fulltrúi okkar Vestlendinga á Kirkjuþingi.

Einhvern veginn hvisuðust þessar pælingar mínar um framboð út og að ég gæti alveg hugsað mér að vera varamaður hennar ef til kæmi og var stungið upp á mér af Guðrúnu Kristjánsdóttir af hálfu uppstillingarnefndar Vesturlands prófastdæmis, sem ég samþykkti og náði mér i bæði skírnavottorð og kristaltært sakavotorð.

En ef ég skildi nú detta inn á kirkjuþing einhverjahluta vegna ..þá er rétt að tína til tvö atriði sem eru mér hugleikin og urðu til þess að ég íhugaði að bjóða mig formlega fram til kirkjuþings.

Í fyrsta lagi..þá hef eg miklar áhyggjur af öllum okkar litlu fallegu kirkjum um land allt, með enn minni sóknir á bak við sig sem ef fram fer sem horfir drabbast niður.. ekki síst þegar fólkið sem hefur lagt gríðarlega mikið á sig... langoftst í sjálfboðavinnu gefst upp við að halda kirkjunum sínum i standi og enginn til að taka við og hvað er þá til ráða ...þetta mun verða mjög stórt vandamál næstu

Og í öðru lagi þá hef ég áhyggjur af eignasafni kirkjunnar og fjárhagsvandræðum. Hlustaði um daginn á eitthvern fyrirlestur á netinu ..man ekki hvar það var..en þar var fjallað um málefni kirkjunnar og þar á meðal um fjármálin og hvað væri til ráða, talað var þar um eignir kirkjunnar um land allt sem eru að stórum hluta blómlegar kirkjujarðir ,sem kannski væri rétt að fara að koma i verð til að rétta af fjárhag kirkjunnar og standa straum að allskynns þjónustu og yfirbyggingu sem því miður einskorðast oftast við suðvesturhorn landsins...þetta vakti mig til umhugsunar og ef ég kemst einhvern timann í tæri við Kirkjuþing þá mun ég vera talsmaður íslensks landbúnaðar og og gæta að fæðuöryggi landsins því margar kirkjujarðir allt i kringum landið eru góðar jarðir með góð tún og ræktunamöguleika og hafa verið nytjaðar að bændum í nágrenninu og mér er ekki sama hvað verður þessar jarðir ef til sölu kemur og hvernig andvirði þeirra verður varið..Kirkjuþing skal vera samkoma sem endurspeglar hug fólksins i landinu og ólík sjónarmið ...ég skammast mín ekki fyrir að vera fulltrúi landbúnaðar,dreyfbýlis og fæðuöryggis a kirkjuþingi.

